

- **Tollflokkun**
- **Endurákvörðun**

Úrskurður nr. 10/2001

Tollstjóri endurákvæðar gjöld af 40 vörusendingum er innihéldu byggingarvörur, þ.e. efnivöru í niðurhengd loft. Kærandi telur tollflokkun tollstjóra ekki rétta og krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Tollstjórinn í Reykjavík krefst þess að hin kærða endurákvörðun verði staðfest. Ríkistollanefnd staðfesti hina kærðu endurákvörðun.

Lög 55/1987 1.mgr. 35.gr., 2.tl. 5.mgr., 99.gr. 100. gr. og 101. gr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993 13. gr. og 18.gr.

Með bréfi, dags. 12. október 2001, sem barst nefndinni 15. s.m., kærir L., fyrir hönd A, þá ákvörðun tollstjóra að endurákvæða aðflutningsgjöld af nánar tilgreindum 40 vörusendingum er innihéldu byggingarefni, svonefnd "niðurhengd loft". Tollstjóri telur að varan hafi verið ranglega tollflokkuð við innflutning sem tilbúnar húseiningar úr járni og krefst þess að varan verði tollflokkuð sem ófullgerð í tilsvarende tollnúmer. Kærandi krefst þess að endurákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og tollflokkun kæranda viðurkennd sem rétt.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra frá 15. ágúst 2001 segir m.a. að með bréfi, dags. 20. júní s.l., hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir því að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga:

E SKO 04 11 6 NL RTM W707	E SKO 19 05 7 NL RTM W705
E SKO 16 06 7 NL RTM W706	E REY 18 08 7 NL RTM W708
E BAK 13 10 7 NL RTM W710	E DET 03 11 7 NL RTM W712
E HAF 22 12 7 NL RTM W708	S ARN 04 02 8 NL RTM W032
S HEG 25 02 8 NL RTM W078	S HEG 25 03 8 NL RTM W004
S HEG 06 05 8 DE BRV WX01	S HEG 15 07 8 NL RTM W006
S HEG 23 09 8 NL RTM W001	S HEG 18 11 8 NL RTM W047
S HEG 03 06 8 NL RTM W009	S HEG 12 08 8 NL RTM W026
S HEG 07 10 8 NL RTM W010	S HEG 31 12 8 NL RTM W023
S ARN 13 01 9 NL RTM W016	S HEG 04 02 9 NL RTM W002
S ARN 24 02 9 NL RTM V001	S HEG 31 03 9 NL RTM W006
S ARN 07 04 9 NL RTM W003	S SUO 21 05 9 NL RTM W019
S ARN 30 06 9 NL RTM W012	S HEG 21 07 9 NL RTM W031
S ARN 11 08 9 NL RTM W003	S HEG 01 09 9 NL RTM W047
S TRB 25 10 9 NL RTM W013	S TRB 06 12 9 NL RTM W028
S HEG 05 04 0 NL RTM W024	S ARN 19 01 0 DE BRV W045
S ARN 16 02 0 DE BRV W043	S ARN 16 02 0 NL RTM W023
S HEG 31 05 0 NL RTM W001	S ARN 04 07 0 NL RTM W009
S ARN 04 07 0 NL RTM W006	S ARN 15 08 0 NL RTM W020
S HEG 06 09 0 NL RTM W011	S ARN 21 11 0 NL RTM W002

Fram kemur í úrskurði tollstjóra að fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins hafi verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Höfðu þeir samband við embættið og andmæltu endurákvörðuninni. Var á það bent af forsvarsmanni fyrirtækisins að farið hafi verið yfir mál fyrirtækisins með starfsmanni tollstjóra fyrir tæpu ári síðan, og sátt hefði náðst um vinnuáferðir þess. Síðan segir í úrskurði tollstjóra: "Umræddur starfsmaður er nú kominn aftur til starfa og hefur verið farið yfir þessi mál. Í ljós kom að athugasemdir sem umræddur starfsmaður gerði við tollafgreiðslu fyrirtækisins eru sambærilegar þeim athugasemdum sem eftirlitsdeild tollstjóra gerir nú og hefur embættið því aldrei fallist á umræddan afgreiðslumáta. Sem dæmi skulu teknar þrjár sendingar:

S HEG 22 03 0 NL RTM W007, fyrirtækið tollflokkaði forsmíðað loft í tollskrárnúmer 7610.9009. Embættið gerði athugasemd við tollflokkun og var hún leiðrétt þannig: Loftaplötur í tollskrárnúmer 6806.9009 og festingar í tollskrárnúmer 7308.9009.

S ARN 20 02 1 NL RTM W007, fyrirtækið tollflokkaði forsmíðin loft í tollskrárnúmer 7308.9009. Embættið gerði athugasemd við tollflokkun og var hún leiðrétt þannig: Loftaplötur í tollskrárnúmer 6806.9009, hanskar í tollskrárnúmer 6216.0000, kalk í tollskrárnúmer 2509.0000 og festingar í tollskrárnúmer 7308.9009.

S ARN 29 03 0 SE VAG A005, fyrirtækið tollflokkaði forsmíðaða vegg í tollskrárnúmer 7610.9009. Embættið gerði athugasemd við tollflokkun og var hún leiðrétt þannig: Álprófilar í tollskrárnúmer 7604.1009 og trélistar í tollskrárnúmer 4407.1009.

Með vísan til framangreinds er athugasemd eftirlitsdeildar tollstjóra í samræmi við þá niðurstöðu sem embættið komst áður blaðsíða 1/6

að. Hefur málinu því verið fram haldið og hafa aðflutningsgjöld vegna umræddra sendinga verið endurákvörðuð.” Ástæða endurákvörðunar tollstjóra er sú að hann telur að tollflokkun sé röng á vörum í umræddum 40 sendingum. Ekki verði séð af framlögðum gögnum að hér sé um að ræða mannvirki, hluta til mannvirkja eða vörur tilsniðnar til notkunar í mannvirki og telst því vara þessi lagervara. Tollstjóri flokkar vöruna í eftirfarandi tollflokka eftir því sem við á samanber túlkunarreglur tollskrárinnar númer 1 og 6: Steinullarplötur í tnr.6806.9009, festingar í tnr. 7326.9019, hanska í tnr. 6216.0000 og kalk í tnr. 2509.0000. Það að tollflokka vöruna í tollskrárnúmer 7308.9009 telst því rangt að mati tollstjóra.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga er byggð á 1. mgr. og 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr.55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99.gr. tollalaganna kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollflokkun vörunnar.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga er kr. 7.785.856,00, ásamt dráttarvöxtum kr. 4.599.471,00 til 14. ágúst 2001.

Í kæru umboðsmanns kæranda segir m.a. að umbjóðandi hans telji að tollstjóraembættið hafi ekki gefið félaginu hæfilegan frest til að skýra mál sitt og þannig brotið gegn ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við meðferð þessa máls. Af þeirri ástæðu beri að fella ákvörðunina úr gildi og vísa málinu til lögmætrar meðferðar að nýju. Þessu til stuðnings er vakin athygli á eftirfarandi atriðum. Fyrirtækinu var fyrst tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun með bréfi tollstjóra, dags. 20. júní 2001. Stjórnendur fyrirtækisins höfðu fljótlega samband við bréfitarann og bentu á að tiltekinn starfsmaður tollstjóraembættisins hefði farið yfir þessa hluti með þeim áður og að náðst hefði á sínum tíma full eining milli hans og fyrirtækisins um þessi mál. Með bréfi tollstjóra dags. 12. júlí 2001 sé fyrirtækinu tilkynnt, að viðkomandi starfsmaður embættisins sé í leyfi og er fyrirtækinu bent á að sækja um frest svo að embættinu verði stætt á að bíða með ákvörðun í málinu. Var það gert eins og um var beðið.

Það næsta sem gerist í málinu var að fyrirtækinu var send hin kærða endurákvörðun 15. ágúst 2001. Forsvarsmönnum fyrirtækisins gafst aldrei færi á að ræða við viðkomandi starfsmann og ekki var fyrirtækinu heldur gefinn neinn kostur á að skýra mál sitt frekar að því viðlögðu að ákvörðun yrði tekin að tilteknum fresti liðnum. Kærandi telur að þessi málsmeðferð brjóti gegn 13.gr. stjórnarsýslulaga, sem mælir fyrir um andmælarétt. Í annan stað er því haldið fram að hin kærða ákvörðun sé byggð á rangri forsendu vegna þess að umræddar vörur hafi verið rétt tollflokkaðar við innflutning. Ákvörðunin byggist á því að hinar innfluttu vörur hafi verið lagervara, en það er rangt. Hér er um að ræða vöru sem er sérþötuð í hverju tilviki fyrir ákveðin mannvirki, en er ekki flutt inn sem lagervara.

Kærandi óskaði eftir viðbótarfresti til að skila inn frekari gögnum til ríkistollanefndar og var orðið við þeim óskum. Í viðbótarkröfugerð sem barst ríkistollanefnd þann 9. nóvember 2001 segir m.a. að endurákvörðunin varði innflutning á loftaklæðningum. Um sé að ræða klæðningarplötur sem raðað sé saman á byggingarstað, og fylgihluti með þeim sem notaðir séu við uppsetningu og frágang. Því er haldið fram að um sé að ræða sérpantaðar klæðningar af þessu tagi sem ætlaðar séu til notkunar á fyrirfram ákveðnum stað, í samræmi við hönnun arkitekta, falli undir það sem kallað sé forsmíðað loft, þó svo að einingarnar komi ósamsettar til landsins, enda verði ekki séð hvernig hægt væri að flytja loftaklæðningu inn í heilu lagi til uppsetningar á byggingarstað. Það hafi verið verklag innflytjanda um langt árabíl að safna saman slíkum þöntunum þar til nægilegt magn sé komið til að sendingin verði af hagkvæmri stærð í heild sinni fyrir flutning til landsins.

Þær vörusendingar sem endurákvörðunin tekur til eiga það sammerkt, að viðkomandi pantanir voru gerðar á grundvelli tilboða í tiltekin verk fyrir ákveðna aðila. Pantað var í samræmi við uppgefnar magntölur frá viðkomandi hönnuðum, en vitaskuld geti alltaf orðið einhver frávik þegar farið er að vinna verkið á byggingarstað. Stundum vantar eitthvað upp á og í annan tíma hefur verið pantað heldur riflega. Bent er á það, að í þeim tilvikum sem fyrirtækið hefur pantað slíkar vörur án þess að þöntunin byggist á fyrirframgerðum tilboðum í ákveðin verk hefur varan verið flutt inn sem lagervara, og þannig hefur fyrirtækið getað þjónustað þá sem á hafa þurft að halda með viðbótarmagn þegar svo ber undir

Til þess að sýna fram á samhengi innflutnings einstakra sendinga við fyrirfram ákveðnar pantanir (sérhönnuð verkefni) hefur kærandi tekið saman gögn um hverja þeirra. Með því vill hann leitast við að sýna fram á, hvernig vörum í hverri sendingu hefur verið ráðstafað til tiltekinna kaupenda í eðlilegu framhaldi af innflutningi vörunnar. Um er að ræða mikið magn af skjölum og er um margt líkt með þeim.

Að lokum er þess krafist að öll atriði hinnar kærðu ákvörðunar verði felld úr gildi.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran til umsagnar sbr. 4. mgr. 101. gr. tollalaga. Í greinargerð hans til nefndarinnar segir m.a. að með bréfi, dags. 20. júní 2001, hafi kæranda verið tilkynnt að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna innflutnings nánar tiltekinna vörusendinga. Forsvarsmenn fyrirtækisins höfðu samband við embættið og bentu á að tiltekinn starfsmaður embættisins hefði komið að málinu á fyrri stigum. Þann 12. júlí 2001 sendi embættið fyrirtækinu bréf þar sem fram kom að umræddur starfsmaður væri í leyfi og fyrirtækinu bent á að sækja um frest á afgreiðslu málsins. Embættinu barst því næst ódagsett bréf kæranda þar sem óskað var eftir umræddum fresti. Tollstjóri telur að haft hafi verið samband við kæranda símleiðis og honum tjáð að umræddur starfsmaður væri kominn úr leyfi og bæri til baka orð innflytjanda um að samþykki hefði verið veitt fyrir umræddri tollflokkun.

Með bréfi embættisins, dags. 15. ágúst 2001, var kæranda sendur úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Þann 22. ágúst 2001 áttu starfsmenn embættisins fund með forsvarsmönnum kæranda vegna umræddrar endurákvörðunar, að ósk kæranda. Ákveðið var að veita kæranda greiðslufrest meðan á athugun málsins stæði. Þann 27. september 2001 sendi embættið kæranda bréf með vísan til úrskurðar og fundar með forsvarsmönnum fyrirtækisins. Í bréfi embættisins var greint frá þeirri niðurstöðu embættisins að ekki væri talin ástæða til að breyta fyrri úrskurði um endurákvörðun. Jafnframt var óskað eftir greiðslu vangoldinna aðflutningsgjalda og athygli kæranda vakin á því að umrædd endurákvörðun væri kæránleg til ríkistollanefndar. Tekið skal fram að aldrei kom fram hjá innflytjanda að hann teldi sig ekki hafa notið andmælaréttar.

Embætti tollstjórans í Reykjavík hafnar því alfarið að kæranda hafi ekki verið veittur hæfilegur frestur til að skýra mál sitt og á þeirri forsendu eigi að fella ákvörðunina úr gildi og vísa málinu til lögmætrar meðferðar að nýju. Þvert á móti er það mat embættisins að andmælaréttar 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hafi verið gætt til hins ítrasta við meðferð máls þessa. Í 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, kemur fram að tollstjóri skuli kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu. Með bréfi embættisins, dags. 20. júní 2001, var kæranda bent á að fyrirhuguð væri endurákvörðun vegna rangrar tollflokkanar á 40 nánar tilgreindum sendingum. Í bréfinu er gerð grein fyrir athugasemd eftirlitsdeildar embættisins með vísan til viðeigandi túlkunarreglna tollskrár auk þess sem endurákvörðunin er heimfærð til lagaákvæða. Því næst er rakinn sá gjaldamunur sem felst í hinni fyrirhuguðu endurákvörðun og þess getið að um vangreidd aðflutningsgjöld sé að ræða. Að lokum segir orðrétt í bréfi embættisins: „Með vísan til 3. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kunna að skipta innan 15 daga frá póstlagningardegi þessa bréfs en þá mun embættið taka ákvörðun um hvort til endurákvörðunar kemur.“ Úrskurður embættisins um endurákvörðun vegna máls þessa var ekki birtur kæranda fyrr en með bréfi, dags. 15. ágúst 2001, eða 56 dögum síðar. Það er því ljóst að kærandi hafði rúman frest til að koma að sínum sjónarmiðum í málinu.

Þá bendir tollstjóri á að jafnvel þótt úrskurður hafi fallið fyrrnefndan dag tók embættið þá ívili ákvörðun fyrir kæranda að funda með forsvarsmönnum fyrirtækisins, þar sem kæranda var gefinn kostur á að koma á framfæri enn frekari sjónarmiðum í málinu. Það er því ljóst að kærandi hafði nægan tíma til að koma að sínum sjónarmiðum í málinu áður en endanleg ákvörðun var tekin.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kærandi virðist furða sig á því hvers vegna embættið óskaði eftir því að fyrirtækið leitaði eftir fresti á afgreiðslu málsins. Staðreyndin sé sú að þegar forsvarismaður kæranda hafði samband við starfsmann embættisins og tjáði honum að annar starfismaður embættisins hefði áður komið að þessu máli var það talið fyrirtækinu í hag að bíða þess að umræddur starfismaður kæmi úr leyfi svo unnt væri að bera málið undir hann. Embættinu var í sjálfsveld sett að taka ákvörðun um að ljúka málinu án samráðs við umræddan starfsmann en valdi í þess stað að bíða hans og freista þess að fá fram öll sjónarmið í málinu. Það var því alfarið með hagsmuni kæranda að leiðarljósi sem tekin var ákvörðun um að fresta afgreiðslu málsins. Kærandi lítur á það sem röksemd í málinu að honum hafi ekki gefist færi á að ræða við þann tiltekna starfsmann embættisins sem hafði áður komið að málinu. Það skal af þessu tilefni tekið fram að embættið stóð ekki í vegi fyrir því að samband næðist við umræddan starfsmann. Það hlýtur að teljast vera á ábyrgð kæranda sjálfs hafi hann ekki leitað fastar eftir því, af gefnu tilefni. Að mati embættisins hefði það aftur á móti engu breytt um niðurstöðu málsins hvort kærandi hefði rætt við einn starfsmann embættisins frekar en annan. Forsvarsmenn kæranda áttu samskipti við a.m.k. tvo aðra starfsmenn embættisins sem komu að málinu auk þess sem haldinn var sérstakur fundur með forsvarsmönnum kæranda varðandi málið og hlýtur það að teljast vera fullnægjandi við úrlausn máls. Með vísan til framangreinds telur embættið engan vafa leika á því að kærandi átti fullan kost á að tjá sig um efni málsins áður en ákvörðun var tekin. Embættið hafnar því alfarið röksemdum kæranda fyrir því að brotið hafi verið á andmælarétti 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með síðari breytingum. Komist ríkistollanefnd hins vegar að því að svo hafi verið er þess krafist að málinu verði vísað til löglegrar meðferðar tollstjóra á ný.

Kærandi heldur því fram að hin kærða ákvörðun sé byggð á rangri forsendu vegna þess að umræddar vörur hafi verið rétt tollflokkaðar við innflutning. Að sögn kæranda er um að ræða vöru sem er sérþötuð í hverju tilviki fyrir ákveðin mannvirki, en er ekki flutt inn sem lagervara eins og embættið heldur fram.

Í úrskurði embættisins um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga segir að ástæða endurákvörðunarinnar sé sú að tollflokkan hafi verið röng. Þá segir að ekki verði séð af framlögðum gögnum að um sé að ræða mannvirki, hluta til mannvirkja eða vörur tilsniðnar til notkunar í mannvirki og teljist varan því lagervara. Embættið telur það því rangt í úrskurði sínum að tollflokka allt saman í tollskrárnúmer 7308-9009. Réttara sé að nota eftirfarandi tollflokka eftir því sem við á sbr. túlkunarreglur tollskrár númer 1 og 6: 6806-9009 (steinullarplötur); 7326-9019 (festingar); 6216-0000 (hanskar) og 2509-0000 (kalk).

Þá segir að í framhaldi af kærðu þeirri sem nú liggur fyrir hjá ríkistollanefnd hafi embættið skoðað viðbótargögn þau er kærandi hafi skilað inn til nefndarinnar, því til stuðnings að samtolla innflutning á efni í loft í tnr. 7308-9009. Við skoðun á þeim viðbótargögnum sem lögð hafa verið fram í málinu verði ekki séð að það breyti fyrri athugasemd embættisins um að ekki beri að samtolla þessa vöru í tnr. 7308-9009 heldur flokka hverja vöru í sendingunum í sitt númer tollskrár.

Það er álit embættisins að ófrávíkjanleg skilyrði fyrir samtollun vöru í tnr. 7308-9009 séu eftirfarandi:

Varan hafi öll einkenni vöru í 7308-9009, þ.e. að túlkunarregla 3. b. eigi við vöruna en þar segir eftirfarandi: Ef tveir eða fleiri vöruliðir koma til álita við flokkun skal varan tollflokka eftir því efni eða hluta vörunnar sem helst einkennir hana. Ekki verður séð að þessu skilyrði sé fullnægt við innflutning í máli þessu þar sem aðal uppistaða innflutnings eru loftaplötur.

- a) Skv. túlkunarreglu 2. a. við tollskrána skal þegar talað er um tiltekna vörur í vörulið, það einnig taka til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu eða verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum. Samkvæmt því skal varan vera unnin af seljanda eftir teikningum eða á annan fyrirfram ákveðinn hátt og vera tilsniðin í fyrirfram ákveðnar stærðir eftir því hvar varan skal sett upp eða notuð, þó að minni háttar sniðavinna geti átt sér stað hérlendis, t.d. við skurð á loftaplötum. Ekki verður séð við innflutning fyrirtækisins að varan líti út við innflutning eins og fullgerð loft enda varan í öllum tilfellum í sömu stærðum og lengdum.

Við skoðun á vörureikningum erlenda seljandans og íslenskum sölureikningum kæranda sem sagðar eru eiga við ákveðnar sendingar, verður ekki séð að ofangreind skilyrði eigi við innflutning hans.

Mjög lítil hluti vörunnar tollflokkað í tnr. 7308-9009 og sá hluti sem tollflokkað þar er ekki tilsniðinn heldur blaðsíða 3/6

verksmiðjuframleidd vara sem seld er í stykkjatali eða í hlaupandi lengdum (t.d. 600 mm, 1200 mm eða 3600 mm).

- Í flestum tilfellum eru það margir aðilar sem kaupa úr hverri sendingu (stundum fleiri en 20) og sumir þeirra eru smásalar í byggingavörum. Í sumum tilfellum er ekki keypt vara sem fer í 73. kafla heldur aðeins í 68. kafla. Í þeim tilfellum sem aðeins einn aðili kaupir úr sendingu að sögn innflytjanda, verður ekki séð að um tilsníðna vöru sé að ræða, heldur aðeins lagervöru keypta af einum aðila.
- Ekki verður séð af gögnum þeim sem lögð hafa verið fram að um sérpantanir sé að ræða eftir teikningum og að erlendi seljandi vörunnar hafi gert nokkuð annað en að taka vörurnar af lager hjá sér og sent til Íslands og þar hafi sami háttur verið hafður á, þ.e. að innlendur kaupandi hafi keypt vörunnar af lager hér og varan síðan sniðin á hverjum byggingarstað fyrir sig af innlendum aðilum.

Ljóst er við skoðun á ofangreindum gögnum að engin vörusending uppfyllir þau ófrávíkjanlegu skilyrði sem bent hefur verið á að vörusending þurfi að uppfylla til að geta samtollast sem tilbúinn innfluttur byggingarhluti.

Með vísan til framangreinds telur embættið útilokað að fallast á kröfu kæranda um að öll atriði hinnar kærðu ákvörðunar verði felld úr gildi á grundvelli þess að um rétta tollflokkun hafi verið að ræða hjá kæranda. Þvert á móti krefst embættið þess að fyrri úrskurður embættisins um endurákvörðun aðflutningsgjalda verði staðfestur og kæranda verði gert að greiða álöggð aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum, vegna þeirra vörusendinga sem endurákvörðunin varðar.

Í úrskurði embættisins um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga, er byggt á 1. mgr. og 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna skal tollstjóri endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Það er mat embættisins þegar úrskurðað var í málinu að innflytjandi hafi vitað eða mátt vita um rétta tollflokkingu vörunnar.

Embættið vill benda á að við tollafgreiðslu sendingar nr. S HEG 05 04 0 DE BRV W008 var gerð athugasemd, dags. 13. apríl 2000, vegna innflutnings á sömu vöru og um er rætt í þessu máli, þess efnis að ekki væri um að ræða tilbúið loft heldur steinullaplötur í tnr. 6806-9009. Innflytjandi leiðrétti skýrslu sína til samræmis við athugasemd embættisins. Þrátt fyrir það hélt innflytjandi áfram að rangtolla umræddar vörur en kærði hins vegar ekki niðurstöðu embættisins varðandi innflutning vöru í umræddri sendingu. Jafnframt er á það bent að innflytjandi hefur haldið því fram að hann hafi haft samþykki starfsmanns embættisins fyrir umræddri tollflokkingu en það er einmitt sami starfsmaður og gerði umrædda athugasemd. Það er því ekkert hæft í þeim fullyrðingum innflytjanda að samþykki hafi verið til staðar varðandi umrædda tollflokkingu. Einnig hefur embættið gert sams konar athugasemdir við eftirtaldir sendingar: S HEG 22 03 0 NL RTM W007, athugasemd dags. 27. mars 2000 („Tollflokking er röng á að vera loftaplötur 6806-9009 og festingar í 7308-9009”); S ARN 20 02 1 NL RTM W007, athugasemd dags. 21. febrúar 2001 („Loftaplötur mf 6806-9009. Hanskar 6216-0009. Kalk 2509-0009. Festingar 7308-9009”).

Það er mat embættisins að innflytjandi hafi vitað það frá upphafi að um var að ræða vöru sem ekki var forsmíðuð eða forsníðin og hefði því mátt vita um rétta tollmeðferð vörunnar á þeirri forsendu. Að mati embættisins gaf innflytjandi upp ranga vörulýsingu í tollskýrslu, vitandi það að 30 til 40 mismunandi aðilar, jafnvel smásalar, keyptu vörur úr hverri sendingu fyrir sig. Kærandi hefur auk þessa ekki lagt fram nein gögn í málinu sem styðja þá fullyrðingu hans að um forsmíðaðar eða forsníðnar einingar hafi verið að ræða. Ætla má að kærandi hefði til að mynda getað lagt fram reikninga eða önnur gögn um forsmíði eða sníðavinnu sem farið hefði fram erlendis. Engin slík gögn hafa borist embættinu. Ekki hafa heldur verið lagðar fram meintar pantanir hönnuða eða tilboð sem fyrirtækið segist hafa gert og fengið samþykkt.

Ákvæði 5. mgr. 99. gr. tollalaga kveður á um að þrátt fyrir að lagðar hafi verið fram fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á, sé tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi í einhverjum eftirfarandi tilvikum: 1. Hafi framlögðum gögnum eða upplýsingum sem látnin voru í té við tollafgreiðslu verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda; 2. Hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru eða 3. Þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða.

Með vísan til framangreinds er það mat embættisins að unnt hefði verið að heimfæra þann úrskurð um endurákvörðun sem hér er til umræðu til lagaákvæða á tvo vegu. Annars vegar hefði mátt vísa til 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum þar sem um ófullnægjandi gögn var að ræða. Hins vegar var eðlilegt að embættið veldi þann kostinn að vísa til 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga á þeirri forsendu að innflytjandi hefði vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vörunnar.

Með vísan til ofanritaðs er þess krafist af hálfu embættisins, að úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 15. ágúst 2001, verði staðfestur.

Umboðsmanni kæranda var send greinargerð tollstjóra þann 17. desember 2001. Var kæranda veittur frestur til 4. janúar s.l. Kærandi óskaði eftir viðbótarfresti til 14. janúar og varð nefndin við þeirri beiðni. Í svari kæranda er barst nefndinni 14. janúar s.l. segir m.a. að hann telji dagljóst að tollstjóraembættið hafi við meðferð málsins brotið gegn 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en slíkt brot leiði til þess að ógilda verður hina kærðu ákvörðun. Þessu til stuðnings bendir lögmaður kæranda á samhengi 13. gr. stjórnsýslulaga við ákvæði 18. gr. sömu laga, sem fjallar um frestun máls. Stjórnvöldum sé vorkunnarlaust að fara eftir þessum einföldu reglum í meðferð sinni á málum, sérstaklega í tilvikum eins og þessu þar sem til greina kemur að taka ákvörðun sem er verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi aðila. Þá segir að í málinu sé ágreiningur um tollmeðferð á vörusendingum í tilvikum þar sem loftklæðningar séu fluttar inn ásamt tilheyrandi festingum og frágangsefni. Kærandi telur að í bæklingum er fylgdi umsögninni sýni svo ekki verði um villst, að sú forsenda hinnar kærðu ákvörðunar, að um sé að ræða lagervöru, sé alröng og verði ekki lögð til grundvallar niðurstöðu í þessu máli. Gögnin sýni að framleiðendurnir bjóða upp á mjög margar og ólíkar útfærslur á slíkum klæðningum, sem kaupandi verður sjálfur að ákveða hvernig hann vill fá afgreiddar.

Vara þessi sé yfirleitt ekki framleidd til afgreiðslu af lager, heldur hefur reyndin verið sú að framleiðslan hefur tekið 4-8 vikur eftir að pöntun berst.

Í greinargerð tollstjóra sé vikið að tollflokkun á hönskum og krít sem þessum vörusendingum fylgja. Til skýringar skal þess getið, að hér er um að ræða fylgihluti sem óhjákvæmilegir eru við uppsetningu á klæðningunum vegna eiginleika þeirra sjálfra. Þetta sé sambærilegt við það, þegar t.d. húsgögn séu flutt inn ósamsett, en þá fylgja gjarnan einföld verkfæri, skrúfur og skrúflyklar, lím og annað sem nauðsynlegt er að hafa við höndina til að geta sett þau saman.

Þegar þessi atriði eru öll virt í samhengi og af fullri sanngirni sé ljóst að útilokað sé að flytja loftaklæðningar sem þessar inn hingað til lands og selja sem lagervöru á okkar litla markaði. Hvað varðar þá fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð tollstjóra um að umræddar vörur séu lagervörur, þ.e. að margir kaupendur hafi verið að vörum úr hverri sendingu vill kærandi taka fram að skýringar á þessu komi fram í greinargerð til ríkistollanefndar, dags 9. nóvember 2001, en þar sé skýrt tekið fram að umbjóðandi minn safni saman pöntunum þar til magn sé orðið nægilega mikið til að hagkvæmt sé að flytja það í gámi til landsins. Ekki sé vitað til að neinn þeirra sem hann hefur selt slíkar loftaplötur hafi keypt þær til endursölu í smásölu. Kærandi segir umbjóðanda sinn hafa um langt árabíl flutt inn loftaklæðningar eins og þær sem hin kærða ákvörðun varðar. Oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hefur verið skýrt fyrir starfsmönnum tollstjóraembættisins hvers konar vara þetta er og hvers vegna þeir telji að tollflokka eigi hana með þeim hætti sem þeir hafa gert. Þetta hefur gegnum árin verið talið fullnægjandi, allt þar til þau atvik komu til sem síðan hafa leitt til hinnar kærðu ákvörðunar. Afar mikilvægt sé að unnt sé að treysta því að tollyfirvöld séu samkvæm sjálfum sér við úrvinnslu slíkra mála þannig að ekki þurfi að búast við bakreikningum eins og þeim sem hér eru á ferðinni, enda er ljóst að varan er við sölu verðlögð með hliðsjón af aðflutningsgjöldum rétt eins og öðrum kostnaði. Komist ríkistollanefnd að þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir rök umbjóðanda míns, að ekki hafi verið rök til að tollflokka umræddar vörusendingar með þeim hætti sem gert hafði verið um langt árabíl, er þess krafist að endurákvörðun aðflutningsgjalda verði ekki látin ná nema í mesta lagi eitt ár aftur í tímann. Umbjóðandi kæranda telur ljóst, að tollyfirvöld hafa haft fullnægjandi gögn til að ákvarða "rétt" aðflutningsgjöld vegna þeirra vörusendinga sem málið snýst um allt frá því að tollskýrslur voru lagðar inn vegna þeirra. Af hálfu fyrirtækisins var ekki reynt að leyndu neinu eða gefa villandi upplýsingar, og vörureikningar framleiðendanna bera ljóslega með sér sundurliðun þess sem verið er að selja. Þá telur umbjóðandi kæranda að ákvæði 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 um að endurákvæða aðflutningsgjöld allt að 6 árum aftur í tímann eigi ekki við um þær vörusendingar sem hér er um að ræða og að þess vegna séu ekki fyrir hendi lagaskilyrði til hinnar kærðu endurákvörðunar. Að lokum er óskað eftir því að fram fari munnlegur málflutningur í málinu.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Í máli þessu er deilt um tollflokkun á efnivöru í svonefnd niðurbundin loft. Kærandi hefur flokkað vöruna sem tilsníðnar vörur í mannvirki úr járni eða stáli í tnr. 7308.9009. Til stuðnings þessari flokkun heldur kærandi því fram að varan hafi verið flutt inn í tiltekin verk og pöntuð eftir magntölum eða teikningum frá viðkomandi hönnuðum. Tollstjóri heldur því fram að vara þessi hafi ekki þá aðvinnslu sem réttlæti flokkun hennar í tnr. 7308.9009 og flokkar vöruna í tilfallandi númer, þ.e. loftaplötur í tnr. 6806.9009, festingar í tnr. 7326.9019. Vara sú sem hér er deilt um flokkun á eru svonefnd niðurbundin loft. Plöturnar liggja ofan á grind sem fest er í loft byggingar. Sérstök aðalgrind hengist í loftið og festigrind fyrir plötur er sett í aðalgrind. Plöturnar eru ýmist framleiddar með falsi sem leggst á grind, brún sem sest á grind eða einfaldar plötur sem leggjast ofan á brún. Í sumum tilfellum, allt eftir hönnun platanna og burðargrindar, er hægt að fjarlægja/taka niður plötur úr loftinu. Ýmis staðlaður aukabúnaður fæst við kanta/enda auk þess sem gert er ráð fyrir mishæðóttum loftum. Plöturnar er því mögulegt að aðlagja aðstæðum hverju sinni. Stærðir platanna og litir er staðlað. Loftið samanstendur því af grind úr málm sem sett er saman þannig að plöturnar passa ofan í hana eða plötunum er rennt í grindina, stillanlegum upphengjum sem festast í loft byggingar og/eða bita og plötunum sjálfum. Um er að ræða nokkrar útfærslur af plötum sem viðkomandi grindur passa við. Plöturnar og grindur eru í stöðluðum stærðum þannig að nauðsynlegt er að sníða kanta við vegg ef hinar stöðluðu stærðir ganga ekki upp í stærð loftsins. Í fylgigögnum með kærinni leitast kærandi við að sýna fram á hvert varan hefur verið seld og hvernig innfluttar sendingar hafa skipst upp milli viðskiptavina í ákveðin verk. Í þessu sambandi vill ríkistollanefnd benda á að þegar tollflokkun vöru er ákveðin við innflutning skiptir engu máli huglæg afstaða innflytjanda um notkun vörunnar. Varan sem slík er tekin og skoðuð og flokkuð í sitt tollnúmer í tollskrá eftir þar til gerðu kerfi, m.a. eftir því úr hvaða efni varan er, hvort varan teljist fullbúin o.s.frv. Í tilviki þeirra 40 vörusendinga sem ágreiningur er um tollflokkun á snýst málið um það hvort varan geti talist fullbúin og forsníðin loft í byggingu eða tiltekinn efnishlutur í byggingu. Ákvörðun um þetta fer eftir túlkunarreglum tollskrár 1. til 6. Það er álit nefndarmanna að vara sú sem hér er deilt um tollflokkun á sé ekki búin að fá þá fullvinnslu sem hún þarf að fá til að flokkast í vörulið 7308 skv. túlkunarreglum tollskrár þó pantað sé e.a. v. passandi magn í tiltekið verk. Varan samanstendur af ýmiss konar efnivörum og ber að tollflokka þær í tilfallandi tollnúmer.

Í kröfugerð sinni krefst kærandi þess að málinu verði vísað til tollstjóra aftur til löglegrar meðferðar þar sem ekki hafi verið gætt ákvæða 13. gr. laga nr. 37/1993 um andmælarétt. Í gögnum málsins má sjá að tollstjóri gerir kæranda skriflega grein fyrir fyrirhugaðri endurákvörðun með bréfi, dags. 20. júní 2001. Í nefndu bréfi er kæranda gefinn kostur á að koma fram með sín sjónarmið í málinu. Kærandi svaraði með ódagsettu bréfi og óskaði eftir frekari fresti. Með bréfi tollstjóra 12. júlí 2001 var kæranda veittur viðbótafrestur. Kærandi nýtti sér ekki umbeðinn frest til að koma skriflega sjónarmiðum sínum á framfæri. Tollstjóri birti kæranda endurákvörðun sína þann 15. ágúst 2001. Í framhaldi af birtingu úrskurðarins var fundur með kæranda og tollstjóra um málið og farið yfir málið sem leiddi ekki til breyttrar niðurstöðu hinnar kærðu endurákvörðunar.

Eins og að framan er rakið var kæranda gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en endurákvörðun gjalda átti sér stað. Það er því mat ríkistollanefndar að tollstjóri hafi virt andmælarétt kæranda og hafi ekki brotið gegn 13. gr. stjórnsýslulaga 37/1993.

Kærandi óskar eftir því að fram fari munnlegur málflutningur í málinu. Ríkistollanefnd telur ekki ástæðu til að verða við þeirri ósk og telur unnt að kveða upp efnislegan úrskurð í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Við mat á því hvort fallast beri á endurákvörðun tollstjóra á nánar tilgreindum 40 vörusendingum á tímabilinu frá 1996 til 2000, blaðsíða 5/6

koma eftirfarandi atriði til skoðunar. Fyrir liggur að gerð var athugasemd við flokkun kæranda þann 27. mars 2000, sbr. tollskýrslu S HEG 22 030 NL RTM W007 og honum gert að breyta tollflokkuninni úr 7308.9009 í 6806.9009 loftaplötur og 7308.9009 festingar. Fullyrða má að frá þessum tíma hafi kæranda mátt vera ljóst að vafi léki á réttri tollflokkun vörunnar og því hefði hann átt að leita eftir bindandi áliti um tollflokkun vöru skv. 142 gr. tollalaga, en með því gat kærandi tryggt sig fyrir því að fá ekki athugasemd síðar um þegar innflutta vöru. Þetta gerði kærandi ekki og verður hann að bera hallann af því. Samkvæmt upplýsingum tollstjórans í Reykjavík þá hafa 15 þeirra 40 sendinga sem hér eru til umfjöllunar verið tollafgreiddar í svonefndri almennri tollafgreiðslu en 25 í ET (SMT).

Það er mat nefndarmanna að ekki sé hægt að fullyrða að kærandi hafi vitað eða mátti vita um rétta flokkun vörunnar í skilningi 2. tl. 2. mgr. 99. gr. tollalaga fyrir þann tíma sem athugasemd tollstjóra kemur fram, þ.e. 27. mars 2000. Á þeim grundvelli fellir ríkistollanefnd niður endurákvörðun af 14 eftirtöldum sendingum:

E SKO 04 11 6 NL RTM W707	E SKO 19 05 7 NL RTM W705
E SKO 16 06 7 NL RTM W706	E REY 18 08 7 NL RTM W708
E BAK 13 10 7 NL RTM W710	E DET 03 11 7 NL RTM W712
E HAF 22 12 7 NL RTM W708	S ARN 04 02 8 NL RTM W032
S HEG 25 02 8 NL RTM W078	S HEG 25 03 8 NL RTM W004
S HEG 06 05 8 DE BRV WX01	S HEG 15 07 8 NL RTM W006
S HEG 23 09 8 NL RTM W001	S HEG 18 11 8 NL RTM W047

Þessar vörusendingar voru afgreiddar fyrir 27. mars 2000. Ein hinna 15 sendinga S HEG 05 04 0 NL RTM W024 var afgreidd í almennri tollafgreiðslu eftir 27. mars 2000 og verða gjöld því endurákvörðuð af henni. Ríkistollanefnd staðfestir endurákvörðun 25 sendinga sem afgreiddar voru í ET (SMT) tollafgreiðslu með vísan til 2. mg. 3. tl. 99. gr. tollalaga.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár reglu 1. og 6., staðfestir ríkistollanefnd endurákvörðun tollstjóra frá 15. ágúst 2001 að því er varðar 26 vörusendingar í hinni kærðu endurákvörðun tollstjórans í Reykjavík.